

ureyri, þar sem hann fer þess á leit, að amtið á þann hátt, sem því þykir bezt við eiga, gjöri tilraun til, að lögregluþjónn verði skipaður á Akureyri, er sje um leið fangavörður við hegningarhúsið þar í bænum, og látið þjer það álit í ljósi að óskilegt sje að skipa slíkan mann, og að laun hans sjeu hæfilega metin 150 krónur árlega, eins og bæjarfóget-
inn hefur lagt til.

Fyrir því skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar tjáð, að eins og jeg fæ ekki betur sjeð, en að þjer herra ammaður hafi myndugleika til sjálfir að skipa slíkan sýslunar-
mann sem þann, er hjer getur um, eins verða laun hans að vera komin undir ákvörðun
bæjarstjórnarinnar á Akureyri og amtráðs norður- og austurumdæmisins.

Skyldi bæjar sjóðurinn, sem útgjöldin til lögreglu-eptirlitsins í bænum hvíla á, og amtsjóðurinn, sem greiða á úr gjöldin til fangahússins, móti von eigi vera færir um að greiða þau gjöld, sem hjer er um að ræða, verður að leita styrks í þessu tilliti til fjár-
veitingarvalds landsins.

Erindi bæjarfógetans endursendist.

Brjef landshöfðingja (til stiptyfirvaldanna).

Þá er rætt var síðastliðið sumar í neðri deild alþingis um frumvarp, sem þar hafði verið borið upp, um fjölgun ölmusanna við prestaskólann, var tekið fram af hinum 1. þingmanni Kjósar- og Gullbringusýslu, að síðast liðin ár hefði við gengizt ekki lítil ó-
regla meðal stúdenta við menntunarstofnanirnar hjer í bænum, og að óskilegt væri og nauðsynlegt, að kennendur og tilsjónarmenn stúdenta reyndu með sterkara eptirliti að ráða
bætur á þessu.

Þó jeg þykist mega ganga að því sem visu, að bæði hin háttvirtu stiptyfirvöld og kennendur stúdenta hafi látið sjer það umhugað, að hafa eptirlit bæði með iðni stúdenta og siðferði þeirra, og einkum sjeð um, að þeir eigi legðust í drykkjuskap og aðra slíka óreglu, hafa nefnd ummæli varla getað komið fram á alþingi svo, að ekki hafi verið ein-
hver átylla fyrir þeim. Jeg hef þessvegna fundið mjer skylt af því, sem þannig hefur ver-
ið sagt á alþingi, að leiða athygli stiptyfirvaldanna að því, hve nauðsynlegt það sje að hafa sterkt eptirlit með iðni og siðgæði stúdenta, bæði á prestaskólanum og við kennslu þá í læknisfræði, er hjer er stofnuð, og sjer í lagi að eigi verði veittur stúdentum þeim, sem ekki sýna lofsvert framferði í þessu tilliti, nokkur sá styrkur, sem ætlaður er mak-
legum og fátækum stúdentum, og að styrkurinn, ef hann er greiddur fyrir lok skólaárs-
ins veitist með því skilyrði, að stúdentinn hegði sjer svo á árinu, að eigi verði með rjetti fundið neitt að siðgæði hans og iðni.

Hvað sjer í lagi snertir drykkjuskap, virðist mjer það fullkomlega samsvarandi anda og ætlunarverki nefndra menntunarstofnana, að hlutaðeiganda stúdentu, sem þrátt fyrir alvarlega viðvörun kennaranna í þessu tilliti eigi bætir ráð sitt, verði vísað burt frá kennslunni, og ber, meðan hann getur ekki bælt niður þessa ástriðu, að álíta hann ekki maklegan þess, að taka þátt í kennslu þeirri, sem landssjóðurinn kostar, að eins til þess að útvega landinu duglega og siðferðisgóða embættismenn.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Með þessu brjefi fjellst landshöfðingi á, að loptið í fangahúsi Stykkishólms yrði notað sem þinghús af Helgafellssveit; en fal það ákvörðun amtráðs vesturumdæmisins,